

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 177/1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum.

1. gr.

22. gr. 2. mgr. reglugerðar nr. 177/1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum orðist svo:

Lofthitastigi í saltfiskkælum skal haldið milli 0°C og +4°C. Kælar fyrir saltfisk skulu vera þannig búnir að hægt sé að halda lofthitastigi milli 0°C og +4°C.

Í geymsluhúsnæði fyrir léttverkaða síld skal lofthitastigi haldið milli -5°C og +4°C.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til að öðlast þegar gildi. Ríkismati sjávarafurða er heimilt að veita starfandi fiskvinnslustöðvum undanþágu frá ákvæði 1. gr. fram til 1. september 1990, enda leggi stöðvarnar fram ítarlega áætlun um hvernig kæliþými verður komið upp. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 424/1986.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Súðavíkurhrepps, sbr. 7. lið 1. gr. samþykktar um hundahald frá 7. nóvember 1987 skal vera kr. 400,00 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði 1988. Gjaldið greiðist fyrirfram allt tímabilið.

2. gr.

Gjald fyrir töku á hundum sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Súðavíkurhreppi skal vera kr. 2 500,00 í fyrsta skipti, kr. 4 000,00 í annað skipti og kr. 6 000,00 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.